

**Sþ.**

**272. Tillaga til þingsályktunar**

[147. mál]

um sparnað í notkun eldsneytis.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Þórarinn Þórarinsson, Halldór Ásgrímsson,  
Jón Helgason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna, sem geri hið fyrsta tillögur til ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til þess að draga úr notkun á eldsneyti, einkum á olíu og bensíni.

**Greinargerð.**

Þegar olíukreppan svonefnda skall á haustið 1973, gerðu flestar þjóðir ráðstafanir til þess að draga úr notkun á olíu og bensíni. Þótt einstakir ráðamenn hafi vakið athygli á nauðsyn þess sama hér á landi, hefur það með réttu verið gagnrýnt, að engar markvissar ráðstafanir hafa verið gerðar.

Með þessum orðum er ekki verið að draga úr mikilvægi þess að nýta innlenda orkugjafa í stað þeirra erlendu. Á það ber vitanlega að leggja höfuðáherslu. Hins vegar er það staðreynd, að á fjölmörgum sviðum má spara verulega í notkun olíu, m. a. á sviðum þar sem slíkt eldsneyti mun verða notað um langa framtíð.

Skýrsla nefndar, sem skipuð var til þess að athuga notkun svartolíu í stað dísilolíu í togurum, hefur vakið verðskuldaða athygli. Í ljós hefur komið, að með þessari breytingu má spara mjög mikið fjármagn. Ekki hefur hins vegar verið athugað, hvaða ganghraði togara og annarra skipa og báta er hagkvæmastur, m. a. með tilliti til olíusparnaðar. Staðreyndin er sú, að ótrúlegt magn eldsneytis má spara með réttum ganghraða vélanna.

Við Íslendingar hitum enn þá u. þ. b. helming af húsnæði okkar með olíu. Þótt markvisst sé unnið að því að nýta innlenda orkugjafa í stað hinna erlendu, mun olíunotkun á næstu árum verða mikil á þessu sviði. Þá er það jafnframt staðreynd, að við Íslendingar hitum hús okkar mikið, t. d. yfirleitt meira en tíðkast á Norðurlöndum. Viðbótarhitastigið í hitun húsnæðis krefst ótrúlega mikils eldsneytis. Í þessu sambandi er einnig mikilvægt að athuga einangrun húsa.

Fjölmörg dæmi fleiri mætti nefna um eldsneytissóun. Það er t. d. athyglisvert, að í hinum nýju togurum eru vistarverur yfirleitt hitaðar með rafmagni, þrátt fyrir þá staðreynd að mikill afgangshiti er ónýttur frá vélum skipanna. Raforkan er hins vegar framleidd með olíu. Vafalaust má finna mörg fleiri slík dæmi um lélega nýtingu orkunnar.

Þótt með þessari tillögu sé fyrst og fremst lögð áhersla á að draga úr notkun á olíu og bensíni, er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að fara einnig vel með innlenda orku. Hún er takmörkuð. Athuganir á þessu sviði geta haft verulega þýðingu í sambandi við almenna orkunýtingu. Sjálfsagt er að hafa það einnig í huga.

Eðlilegast er að fela sérfróðum mönnum þetta verkefni. Er ríkisstjórninni í sjálfsvald sett hvernig hún velur þá menn. Hins vegar er nauðsynlegt, að nefndin sé skipuð án tafar og áhersla lögð á að hún geri tillögur sem fyrst.